



Samningur

Samtök ferðapjónustunnar (SAF) og VALITOR gera með sér svofelldan samstarfssamning:

1. gr. Markmið

Aðilar skuldbinda sig báðir til að vinna sameiginlega að landkynningu á víðum grundvelli með það að markmiði að efla veg Íslands sem eftirsóttts áfangastaðar og ferðamannalands.

Ennfremur skuldbinda báðir aðilar sig til að kappkosta að auka viðskipti með VISA og MasterCard greiðslukortum .

2. gr. Skuldbinding SAF

SAF skuldbindur sig til að kynna VALITOR og þjónustu þess fyrir félagsmönnum á heimasíðu sinni og í kynningarefni til félagsmanna.

3. gr. Skuldbinding VALITOR

VALITOR skuldbindur sig til að veita félagsmönnum SAF bestu mögulegu kjör í tengslum við færsluhirðingu.

VALITOR leggur til húnamiða fyrir gistiherbergi og borðspjöld („frátekið“) fyrir veitingahús sem SAF og VALITOR geta dreift til félagsmanna.

4. gr. Gildistími


Samningur þessi gildir frá samningsdeginum til 31. desember 2010 og framlengist óbreyttur um eitt ár verði honum ekki sagt upp skriflega með mánaðar fyrirvara.

Reykjavík, 2. mars 2010

f.h. SAF


Erna Hauksdóttir
Framkvæmdastjóri

f.h. VALITOR


Sigurhans Vignir
Framkvæmdastjóri fyrirtækjalausna